

Móttökuáætlun vegna barna með íslensku sem annað tungumál

Nýtt land – nýr skóli!

Í 16. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 segir m.a.:

Grunnskólar taka á móti nemendum sem eru að hefja skólagöngu, eru að skipta um skóla eða hefja nám sitt hér á landi samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags. Foreldrum skulu á þeim tímamótum veittar upplýsingar um skólagöngu barnsins og skólstarfið almennt og foreldrum með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausum foreldrum greint frá rétti þeirra til túlkþjónustu.

Móttökuáætlun þessi er ætluð sem verkferill þegar vinna skal áætlun um móttöku nemenda með annað tungumál en íslensku en ávallt skal taka tillit til bakgrunni, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Tryggja skal að nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um skólann. Mikilvægt er að starfsfólk skólans hafi í huga að skólinn er oft fyrsti og eini tengiliður fjölskyldunnar við íslenskt samfélag.

Nýr nemandi með annað móðurmál en íslensku

Í Garðabæ er frjálst skólaval og eiga börn með lögheimili afdráttarlausan rétt á skólavist og til þess að njóta náms við hæfi. Foreldrum er úthlutað móttökuvíðtal sem fyrst. Sá sem bókar víðtal skráir niður nafn nemandans, fæðingarár, þjóðerni, tungumál og símanúmer foreldra og kannar hvort þörf sé á túlkþjónustu. Foreldrar eru beðnir um að taka með sér gögn um fyrri skólagöngu svo sem vitnisburð og greiningargögn. Æskilegt er að barnið hafi fengið kennitölu en barn á rétt á skólagöngu á meðan beðið er eftir kennitölu.

Móttökufundur

- Markmið móttökufundar er annars vegar að afla upplýsinga um nemandann og miðla upplýsingum til nemandans og fjölskyldu hans.
- Sérkennslustjóri skipuleggur móttökuvíðtalið og ákveður hverjir eigi að taka þátt í því og hver verkaskipting á að vera. Mikilvægast er að umsjónarkennari sé viðstaddur fundinn.
- Mikilvægt er að fulltrúi frístundaheimilis eða félagsmiðstöðvar komi á fundinn til að kynna frístundastarf skólans og mikilvægt er að kynna strax fyrir fjölskyldunni hvaða frístundastarf er í boði fyrir börn í sveitarfélaginu.
- Pantar þarf túlkþjónustu ef þörf er á henni. Foreldrum sem ekki tala eða skilja íslensku skal greint frá rétti þeirra til túlkþjónustu.
- Farið er yfir áherslur skólans, fyrirkomulag kennslu og önnur gögn varðandi skólavistina afhent og upplýst um hvaða gögn mikilvægt er að nemandinn hafi meðferðis í skólann.
- Er hugsanlega annar nemandi eða starfsmaður í skólanum sem talar sama mál sem gæti tekið þátt í að sýna skólann?
- Foreldrar hvattir til að viðhalda móðurmálinu og áhersla lögð á að þeir haldi því við bæði daglegu- og skólamáli.

- Foreldrar hvattir til að leyfa nemandanum að horfa og hlusta á íslenskt efni eða annað efni svo hann þjálfist í notkun íslenskunnar. Nemendur og foreldrar sem hafa aðgang að tölvu hvattir til að nýta rafrænt íslenskt námsefni.
- Fyrirkomulag í skólanum kynnt: heimalestur, tilkynna þarf ef nemandi veikist, sækja þarf um ef nemandi þarf leyfi í einn eða fleiri daga og að skólaípróttir falla undir skólaskyldu. Nemandi þarf að koma með sundföt og handklæði í sund og ípróttaföt í ípróttir. Afhenda stundaskrá (gott að hafa þetta myndrænt og á móðurmáli nemandans). Kynna mataráskrift og hvað hún kostar. Ítreka hollt nesti.
- Ákveðinn er fundartími eftir fjórar/fimm vikur til að fylgja eftir viðtali.
- Skólinn og frístundaheimili sýnd og upphafsdagur ákveðinn og því lýst fyrir nemandanum hvernig fyrsta deginum muni vera háttað.

Upphaf skólagöngunnar

- Sjálfsagt er að hvetja móður eða föður til að vera með barni sínu í skólanum fyrstu dagana eins og þau hafa tækifæri til og best þykir henta. Þannig geta foreldrarnir stutt barnið sitt um leið og þeir kynnast því samfélagi sem á eftir að hafa svo mikil áhrif á barnið þeirra. Þá er gott að setja niður áætlun um það hvenær umsjónarkennarinn og foreldrar hittast fyrstu vikurnar.
- Mikilvægt er að skólinn og foreldrar geri samkomulag um væntanlegt samskiptaform þar sem rætt er hvernig foreldrar og starfsfólk álíta heppilegast að eiga samskipti og hvaða leiðir henti best í samskiptum, þ.e. tölvupóstur, símtöl, bréf, samskiptabækur, fundir eða annað.
- Huga þarf vel að undirbúningi og móttöku á heimasvæði barnsins. Félagssleg aðlögun skiptir sköpum varðandi líðan og nám nýja nemandans og það getur skapað mörg ný tækifæri að fá nýjan nemanda í hópinn. Hvetja þarf alla starfsmenn skólans til að hafa sérstakt auga með nýja nemandanum, t.d. í frímínútum og ípróttum og styðja hann eftir þörfum. Jafnframt þarf að leita leiða til að foreldrar tengist foreldrasamfélaginu.
- Hlutverk umsjónarkennara er mikilvægt varðandi nám, félagstengsl og samstarf við foreldra.
- Nemendur með annað móðurmál en íslensku þurfa í upphafi námsins að vera með einstaklingsáætlun sem byggir á stöðumati.
- Nauðsynlegt er að byrja á að kenna og þjálfna nemandann í almennum orðaforða og samskiptum á íslensku innleiða einnig eftir bestu getu skólamála og flóknari hugtök í námsbókum en nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.
- Mikilvægt er að skólinn og frístundaheimilið og/eða félagsmiðstöðin séu í góðu samstarfi og að forstöðumaður og umsjónarkennari hjálpist að við hvetja barnið/unglinginn til þátttöku í frístundastarfinu.

Foreldrasamstarf

- Góð samvinna heimilis og skóla hefur afgerandi þýðingu fyrir námsframvindu og líðan nemanda. Þetta á ekki síst við um fjölskyldur sem koma úr framandi menningarsamfélagi. Í sumum þjóðfélögum er lítil hefð fyrir samstarfi skóla og foreldra. Skólinn þarf því að leggja ríka áherslu á að ávinna sér traust foreldra og stuðla að gagnkvæmum skilningi og virðingu.
- Meðal þess sem getur skilað góðum árangri er að hvetja foreldra til að taka þátt í aðlögun barns síns að skólanum, m.a. með því að vera með barninu í skólanum fyrstu dagana og kynnast því starfi sem þar fer fram. Skólinn ætti að leita allra leiða til að vekja áhuga foreldra á að koma í skólann og kynnast starfinu sem virkir þátttakendur. Hér má benda á morgunkaffi, kynningar nemenda/fjölskyldunnar á sérstökum verkefnum.

- Það ætti líka að hvetja bekkjarfulltrúa til að leggja sérstaka áherslu á að bjóða foreldrana og barnið velkomin í samfélagið. Ef þess er kostur getur verið gott að nýja fjölskyldan fái sérstaka tengiliði í foreldrahópnum eða vinfjölskyldur.
- Það skiptir miklu máli að skóli og foreldrar komi sér saman um hvernig best hentar að eiga samstarf og deila upplýsingum. Aldrei ætti að láta börn túlka fyrir foreldra sína. Þegar senda þarf skriflegar upplýsingar á heimili þar sem er lítil eða engin íslenskukunnátta er stundum hægt að styðjast við myndmál og einnig getur Google translate komið að notum. Til eru listar með helstu hugtökum á ýmsum tungumálum og loks má benda á Skilaboðaskjóðuna þar sem foreldrar geta m.a. fengið þýðingar á boðsbréfum í afmæli o.fl.